

## **36. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 18.06 2012 kl. 16.30**

---

Mætt voru Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Anna Jóna Árnarsdóttir og Lárus Heiðarsson. Þorvarður var forfallaður og ekki var mættur varamaður í hans stað.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### **Dagskrá:**

- 1. Kjörskrá vegna forsetakosninga 30.júní 2012**
- 2. Önnur mál**

#### **1. Kjörskrá vegna forsetakosninga 30.júní 2012**

Kjörskrá yfirfarin, engar athugasemdir gerðar. Oddvita falið að undirrita kjörskrána og auglýsa framlagningu hennar frá og með 20. júní til kjördags 30.júní. Kjörskráin liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Végarði.

#### **2. Önnur mál**

- Oddviti sagði frá því að fyrr í dag hafi verið opnuð tilboð í skálabyggingu í Fjallaskarði. Tvö tilboð bárust frá HT-Hús og Timburmönnum. HT-Hús áttu lægra tilboðið 13.390.000 kr, Timburmenn 15.214.300 kr. Kostnaðaráætlun Verkís hljóðaði upp á 15.411.119 kr. Rætt verður við lægstbjóðanda þegar farið hefur verið yfir tilboðin.
- Oddviti hefur skrifað undir samning við Timburmenn vegna frágangs innanhús að Miðvangi 6. Samningsupphæð 14.495.201 kr.
- Rætt um eldri hús í Fjallaskarði og mögulega endurhleðslu þeirra. Minjavörður hefur verið beðin um að skoða húsin og er stefnt að fara í skoðunarferð í júnímánuði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 17:15

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)  
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)  
Jóhann F. Þórhallsson (sign)  
Lárus Heiðarsson (sign)